

Eitt ár enn, í ekta sveiflu

Annáll Greiningardeildar Arion banka 2018

2018: Kafbátaár eða afmælisár? Höldum áfram að telja



- **Fornleifar gefa til kynna að í a.m.k. tuttugu þúsund ár hafi mannkynið talið**. Í aldir og árþúsundir hafa tölurnar skapað og opnað með okkur undraheima. Menningarþjóðir allra tíma og heimsálfa hafa lagt hönd á plóg. Við hindúa og araba er kennt það kerfi sem við flest notum í dag, þið vitið 0..1..2..3..o.s.frv.
- **Það reynir á abstrakt hugsun að ímynda sér heim án talna**, eða að tölur hefðu þróast öðruvísi. Hvernig er heimur án núlls, tugabrota og tvíundartalna? Hvað má upphugsa í staðinn? Hvernig mætti skilgreina hring jarðarinnar um sólina? Áhrif húsnæðis á verðlag… einhver?
- **Ár hvert gerast óteljandi atburðir**. Enginn svo léttvægur að hann hafi ekki áhrif á aðra atburði. Sumir eru þannig að frá þeirri stundu að þeir gerast er heimurinn ekki samur á eftir. Aðrir atburðir breyta lífi einstaklinga, fjölskyldna og vina. Árið 1939 fæddist t.a.m. faðir þess sem þetta ritar. Annar atburður ársins 1939 varpaði hins vegar svo stórum og dimmum skugga yfir heiminn að birta yfir fæðingu barns í Hverageröi, eða 2.362 annarra íslenskra barna, fengi þar rönd við reist.
- **Yfirleitt kemur margt upp í hugann í árslok**. Eftir því sem tíminn líður fækkar hins vegar atburðum sem við tengjum við hvert ár - standa af sér brimrót alda og áratuga. Sum ár eru varla virt viðlits af sagnfræðingum og enn önnur aðeins skilgreind sem hluti af lengra tímabili; Sturlungaöld, endurreisnartíminn, kreppuárin eða eftirhrunsárin.
- **Áhugaverðustu árin eru líklega þau sem sigla eins og kafbátar** undir yfirborði tímans uns þau rísa úr kafi með braki og brestum.
- **Þegar greinendur litu um öxl í árslok 1181** voru ekki margir á því að liðsafnaður mongólsk höfðingja til bjargar eiginkonu úr klóm fjenda hefði staðið upp úr. Sá liðsafnaður átti eftir að stækka hratt og, eftir að frúnni var bjargað, leggja undir sig meirihluta hins þekkta heims.
- **Ekki heldur var það útbreidd skoðun í lok árs 1852** hápunkturinn hefði verið er laghentum New York búa tókst að þróa leið til að flytja byggingarefni á milli hæða í verksmiðju sinni. Þökk sé lyftubremsum Otis getum við nú byggt hús hundruð metra upp í loft upp og ferðast um þau áreynslulaust og áhættulítið. Þétting byggðar og borgir nútímans væru óhugsandi án uppfinningar Otiss.
- **Í árslok 2018 koma ekki atburðir upp í hugann** sem þá stundina er þeir gerðust breyttu gangi Íslandssögunnar eða mannkynssögunnar. Árið er þó vonandi hluti af mikilvægu tímabili framfara í jafnrétti og umburðarlyndi.
- **Flestir íbúar jarðarinnar höfðu það betra í ár en í fyrra** og þó sumar efnahagsstærðir hafi dalað voru fáar kollsteypur. Lægðir í efnahagslífi og á mörkuðum geta lægt aðsteðjandi óveður og vökvað jarðveg nýrra verkefna.
- **Líf fjölmargra landsmanna tók stakkaskiptum**; börn fæddust, ástvinir kvöddu, pör tóku saman og skildu, fólk slasaðist og veiktist, aðrir fengu bót meina sinna, fólk hóf nám, lauk gráðum og skipti um vinnu og búsetu. Einstaka vann stóra vinninginn í happdrætti eða lottói en miklu fleiri töpuðu smátt. Frábærar hugmyndir fæddust og frábærar hugmyndir fyrri ára kvöddu, reynslunni ríkari.
- **Við þökkum fyrir að 2018 hafi verið án stóratburða**. Stór íslensk ártöl eru enda flest tengd náttúruhamförum, illdeilum og mannfelli. Hvort má bjóða ykkur Klaustursmál eða Heimaeyjargos, krísu WOW air eða Skaftárelda, Ísland á HM eða Örlygsstaðabardaga?
- **Fyrir hönd samlanda okkar sem lifa lífinu í efsta stigi lýsingarorða**, þá gæti ársins 2018 helst orðið minnst sem aldarafmælis ársins þegar bókstaflega ALLT gerðist.
- **Það er hins vegar ekki útséð með 2018.** Fjölmörg fræ féllu í ár. Einhver þeirra eiga eftir að rísa sem tré upp úr árafjöldanum og munu seinna ýmist varpa skugga eða veita skjól. Það veltur á því hvernig við sinnum þeim.
- **Höldum áfram að telja**




Árið í hagtölum

Hraustur hagvöxtur, flugveik ferðaþjónusta, bölsýnir borgarar og vígskár vinnumarkaður

Hagkerfið missti af minnisblaðinu um mjúka lendingu

Hagvöxtur á fyrstu níu mánuðum ársins mældist 5%




Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka


Ég veit um hagvöxt sem kemur á óvart!

Við upphaf ársins bjuggust flestir við að hagvöxtur yrði nær 3%

Hagvöxtur og spá Greiningardeildar




Fyrstu spár á árinu 2018 um hagvöxt ársins



Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Greiningardeild Arion banka

Sjaldan verið betri


Samsetning hagvaxtar hefur verið hagfelld á árinu



Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

Fjárfestingastigið á góðu róli…


Árið 2018 var fyrsta árið frá hruni sem fjárfesting í íbúðarhúsnæði fór yfir langtímameðaltal sitt. Þrátt fyrir að lofa að gera allt fyrir alla eiga opinberar fjárfestingar ennþá nokkuð í land.




Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

… jafnvel þó að atvinnuvegafjárfesting hafi gefið eftir

Hingað til hefur atvinnuvegafjárfesting verið driffjöður fjárfestingavaxtar






Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Greiningardeild Arion banka. * Án skipa og flugvéla

Ég byggði mér hús við hafið…. og hólinn…. og mýrina


Talaði einhver um átak á húsnæðismarkaði? Líklegt er að aldrei hafi verið byrjað á jafn mörgum íbúðum á höfuðborgarsvæðinu og í ár.

Íbúðabygging á höfuðborgarsvæðinu



Íbúðir í byggingu á höfuðborgarsvæðinu


- talning Samtaka Iðnaðarins



Heimildir: Hagstofa Íslands, Samtök iðnaðarins, Greiningardeild Arion banka

Óverulegar geð- og hagsveiflur á húsnæðismarkaði


Hægt hefur verulega á húsnæðisverðshækkunum samhliða auknu framboði. Á síðari helmingi ársins dró úr framboði og verðið tók lítilsháttar kipp.




Heimildir: Seðlabanki Íslands, Þjóðskrá Íslands, Greiningardeild Arion banka

Árið sem Íslendingar hættu að strauja kortin… eða, nei? Smá mistök!

Fyrstu tölur sýndu samdrátt í kortaveltu innanlands sjö mánuði í röð, raunin* var hinsvegar samdráttur í einn mánuð.
Kortaveltan hefur alla jafna gott forspárgildi fyrir þróun einkaneyslunnar…. nema núna…









Úr hagspá Greiningardeildar í október

Heimildir: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka. *
Tölurnar voru leiðréttar um miðjan desember.

Ó, blessuð vertu sumarsól, við sjáumst í útlöndum

Utanlandsferðirnar hafa aldrei verið eins lokkandi og í ár, enda sumarveðrið ekki upp á marga fiska og fótboltaveisla í Rússlandi






Heimildir: Ferðamálastofa, Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka


Þrátt fyrir allt jókst sparnaður, en útlán ennþá meira

Útlánavöxtur tók við sér á árinu og hafði útlánastofn til heimila stækkað um rúmlega 7% að nafnvirði undir árslok. Vegna þessa hefur fjármálastöðugleikaráð lagt til hækkun á eiginfjárkröfum bankanna og peningastefnunefnd viðrað þá hugmynd að hækka almenna bindiskyldu. Við spyrjum þá, hver á að lána?

Einkaneysla og kaupmáttur ráðstöfunartekna*
- breyting frá fyrra ári



Útlán lánakerfis til heimila
- breyting frá fyrra ári




Heimildir: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka *Spá Seðlabankans

Money, money, money

Á fyrstu 10 mánuðum ársins lánuðu bankarnir og lífeyrissjóðirnir ríflega 300 ma.kr. til heimila og fyrirtækja umfram áætlaðar uppgreiðslur ÍLS

Ný útlán bankakerfis og lífeyrissjóða til heimila og fyrirtækja*
- í ma.kr. ásamt ársbreytingu í %




Heimildir: Seðlabanki Íslands, Greiningardeild Arion banka. * Gerð er tilraun til að leiðrétta fyrir uppgreiðslum til ILS

„Í öðrum hverjum söng sem nú er sunginn, er tómt svartsýnisraus“

Það er allt á leiðinni í púperinn skv. væntingum landsmanna!



Væntingavísitölur Gallup



Væntingar fyrirtækja um stöðu og horfur í efnahagsmálum




Heimildir: Seðlabanki Íslands, Greiningardeild Arion banka

Svartsýnisrausið að draga úr „mójói“ verðtryggðra lána?


Aldrei hefur verið lánað jafn lítið af verðtryggðum lánum eins og í nóvember sl. Svo virðist sem verðbólgudraugurinn sé farinn að skjóta landanum skelk í bringu.



Ný útlán bankakerfisins til heimila
- í ma.kr.



Óverðtryggð og verðtryggð ný útlán banka og lífeyrissjóða til heimila og fyrirtækja
- í ma.kr. ásamt hlutfalli verðtryggðra lána





Heimildir: Seðlabanki Íslands Greiningardeild Arion banka



Góðar aðstæður á vinnumarkaði féllu í skuggann af fréttaflutningi

Laun hækkuðu, kaupmáttur jókst, atvinnuleysi var lítið og atvinnuþátttaka í kringum langtímagildi sitt






Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

Langir vinnudagar einkenna íslenskan vinnumarkað… eða hvað?!

Það vakti athygli á árinu þegar Hagstofa Íslands birti nýja tölfræði um vinnumagn og framleiðni vinnuafls, en þær sýna talsvert lægri niðurstöður en fyrri tölur um heildarfjölda unninna vinnustunda. Munurinn nemur um 16%-22%, sem þýðir að Íslendingar vinna einna minnst í samanburði við önnur OECD ríki!*



Heimildir: Hagstofa Íslands, OECD, Greiningardeild Arion banka. * Í tilkynningu Hagstofunnar kemur fram að í mörgum tilvikum liggja ólíkar aðferðir að baki alþjóðlegs samanburðar en niðurstöður samkvæmt þjóðhagsreikningastaðlinum eiga að gera samanburð mögulegan.

Hver er stærsti atburðurinn í íslensku efnahagslífi á árinu sem er að líða?



Margrét Sveinsdóttir
Framkvæmdastjóri eignastýringarsviðs

Tíðindin í fluggeiranum eru sennilega stærstu tíðindin í efnahagslífinu og veiking íslensku krónunnar hefur líka haft mikil áhrif, en þetta tvennt tengist óneitanlega mikið.

Myndi segja WOW air og vandræði þeirra enda gæti þetta haft veruleg ruðningsárhrif á hagkerfið. Salan á CCP var líka flott.



Jónas Jónatansson
Forstöðumaður á fyrirtækjasviði



Svana Huld Linnet
Fyrirtækjaráðgjöf

Ég myndi segja að það væri tvennt sem stendur upp úr. Það eru tvær megin stoðir í íslensku efnahagslífi, annars vegar ferðamannaiðnaðurinn og hins vegar sjávarútvegurinn. Því verð ég að nefna kaup Guðmundar Kristjánssonar á HB Granda á fyrri hluta þessa árs og umrótið í kringum íslensku flugfélögin Icelandair, WOW Air og Primera Air sem stærstu atburði í íslensku efnahagslífi á líðandi ári.

Klárlega skráning Arion banka á hlutabréfamarkað, bæði hér og í Svíþjóð. Fyrsta samhliða tvískráning á mörkuðum Nasdaq á Norðurlöndunum í yfir áratug.



Guðfinna Helgadóttir
Sérfræðingur í viðskiptaþróun



Sigurður Pétur Magnússon
Áhættustýring

Óvissan í kringum íslensku flugfélögin tvö og nauðlendingin hjá WOW air sem vonandi heppnast vel þrátt fyrir að það virtist vera sprungið á öllum dekkjum á tíma.

Hver er stærsti atburðurinn í íslensku efnahagslífi á árinu sem er að líða?

Sviptingar í ferðaþjónustugeiranum. Hægari fjölgun ferðamanna, harðnandi samkeppni í flugi yfir Atlantshafið og mikið flökt á olíuverði. Kannski ekki stakur atburður en allt hafði þetta mikil áhrif á rekstur innlendra flugfélaga og efnahagslífið í heild sinni. Svo var þetta ár hagræðingar og stórra samruna á hlutabréfamarkaði.



Hrafn Steinarsson
Markaðsviðskipti



Þau tímamót þegar Arion banki var skráður á markað, og erfiðir tímar hjá ferðaþjónustuaðilum, s.s gjaldþrot Primera og óvissa með WOW.

Elsa Guðrún Jónsdóttir
Útibússtjóri
Fjallabyggðar

Skjálftinn sem hófst í kringum skuldabréfaútboð WOW air um miðjan ágúst og veiking krónunnar sem fylgdi í kjölfarið.



Flóki Halldórsson
Framkvæmdastjóri
Stefnis



Ég myndi segja að erfiðleikar WOW air og mögulegar afleiðingar á samfélagið hafi verið stærsti einstaki atburður ársins. Á jákvæðari nótum myndi ég segja að farsæl skráning Arion banka á Íslandi og í Svíþjóð marki ákveðin vatnaskil í íslensku efnahagslífi.

Bernhard Þór Bernhardsson
Viðskiptabankasvið

Það er erfitt að nefna eitthvað annað en WOW air og flugferðina sem félagið fór í undir lok ársins. Að mínu mati skiptir miklu máli fyrir íslenskt efnahagslíf að félagið nái góðri lendingu. Íslensku flugfélögin hafa mikil áhrif á hagkerfið í heild sinni og er mín upplifun að þjóðin vilji sjá WOW air lenda þessu með stæl.




Pálína María Gunnlaugsdóttir
Lánaumsýsla

Staða íslensku sveitarfélaganna hélt áfram að batna


Skuldastaðan hefur nánast aldrei verið betri og veikleikamerki í rekstri aldrei mælst færri*

Framlegð af samstæðurekstri 28 sveitarfélaga


- EBITDA / Rekstrartekjur




Samband framlegðar og skulda



Fjöldi veikleikamerkja




(Heildarskuldir - veltufjármunir)/tekjur





Heimildir: Ársreikningar 28 stærstu sveitarfélaga landsins, Hagstofá Íslands, Samband íslenskra sveitarfélag, Greiningardeild Arion banka. *
Greiningardeild hefur skilgreint 22 veikleikamerki sem lúta að fjárhagslegum kennitölum úr rekstri sveitarfélaganna

Kveikið á malbikunarvélunum!

Eftir mikla vanfjárfestingu undanfarin ár hófu sveitarfélögin að fjárfesta af krafti árið 2017. Útlit er fyrir að sveitarfélögin hafi fjárfest duglega á þessu ári og muni gera áfram á næstu árum. Nægilega mikið til að hífa fjárfestingu hins opinbera upp í langtímameðaltal?








Heimildir: Hagstofa Íslands, ársreikningar og fjárhagsáætlanir stærstu 28 sveitarfélaga landsins, Greiningardeild Arion banka


Allt árið glímdum við við þjóðveginn

Útgönguspá Vegagerðarinnar gerir ráð fyrir 4,5% aukningu umferðar um þjóðveginn í ár

Umferð eftir mánuðum
- breyting YoY, landið allt



Hlaupandi tólf mánaða breyting
umferðarþunga eftir landshlutum




Heimildir: Vegagerðin, Greiningardeild Arion banka


Um 2,3 milljónir ferðamanna sóttu landið heim á árinu

Í apríl sl. fækkaði ferðamönnum milli ára í fyrsta skipti síðan 2010. Líkur eru á að ferðamönnum gæti fækkað lítillega árið 2019 samhliða því að WOW air hyggst draga saman seglin um hátt í helming.

Fjöldi ferðamanna og breyting milli ára



Fjöldi ferðamanna
- í milljónum



Heimildir: Ferðamálastofa, Greiningardeild Arion banka. *Spá Greiningardeildar Arion banka

WOW air… Að vera, eða ekki vera…það var, og er enn, spurningin

Frá því í ágúst hefur framtíð WOW air verið á allra vörum í efnahagslífinu og framvindan oft á tíðum reyfarakennd

Klárast útboðið?
Klárast útboðið ekki?

15/8: Ríflega 6 ma.kr. skuldafjárútboði lokið

27/11: Fjórar Airbus vélar fara úr flotanum

13/12: Hátt í 400 manns sagt upp og tilkynnt að floti félagsins muni telja 11 vélar 2019

14/12: Viðræður um skilmálabreytingar á skuldabréfi

Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember	Janúar

15/8: Tilkynnt um 6-12 ma.kr. skuldabréfaútboð

5/11: Icelandair tilkynnir um kaup á WOW air

29/11: Icelandair hættir við kaup á WOW air

Tilkynnt um bráðabirgðasamkomulag við Indigo Partners

Janúar 2019: Framtíð félagsins ræðst…líklega


Innlent viðskipti
Stóra plan Skúla á að skila WOW Air í fyrsta sætið
WOW Air er í þröngri fjárhagsstöðu og leita nú aukins fjár til að geta haldið vexti sínum áfram.
Magnús Halldórsson 15. ágúst 2018


Viðskipti | mbl | 18.9.2018 | 15:27 | Uppfært 19.9.2018 2:00
Skuldabréfaútboði WOW air lokið


Viðskipti | mbl | 1.12.2018 | 22:05
Indigo „riddarinn á hvíta hestinum“


VIÐSKIPTI INNLENT
Útsala WOW Air hefst á morgun
Bergþór Másson skrifar 22. ágúst 2018 23:22
Líkar þetta 143


Viðskipti | mbl | 5.11.2018 | 11:50 | Uppfært 15:00
Icelandair kaupir WOW air


Innlent efnahagsmál viðskipti flugmál
Fjöldauppsagnir hjá WOW og flugvélum fækkað


VIÐSKIPTI INNLENT
Skúli segir útboð Wow á lokametrunum
Stefán Ó. Jónsson skrifar 7. september 2018 10:58
Líkar þetta 1



Innlent viðskipti efnahagsmál
Icelandair hætt við að kaupa WOW air
Icelandair hefur fallið frá kaupunum á WOW air.


Innlent wowair viðskipti flugmál
Wizz air keypti lendingarleyfi WOW air á Gatwick

Heimildir: Greiningardeild Arion banka, visir.is, mbl.is, Kjarninn

Hægari vöxtur hefur ekki þýtt minni tekjur… enn sem komið er


Hver ferðamaður eyddi svipaðri upphæð í eigin gjaldmiðli og hann gerði í fyrra



Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Greiningardeild Arion banka

Óferðaþjónustutengdur þjónustuútflutningur (talandi um munnfylli!) hefur blómstrað – hollenska veikin að hörfa?


Gjöld fyrir notkun hugverka taka vaxtarvinninginn, bæði í prósentum og milljörðum




Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Greiningardeild Arion banka

Innflutningurinn tók okkur á undarlegt ferðlag

Vöruinnflutningur dróst saman á öðrum og þriðja ársfjórðungi, þrátt fyrir þokkalega innlenda eftirspurn






Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Greiningardeild Arion banka

Viðskiptaafgangurinn minnkaði, en bara smá

Afgangur af þjónustuviðskiptum minnkaði milli ára, en vöruskiptahallinn líka, svooooo ... okkur líður bara ágætlega vel bara







Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

Mikið líturðu vel út beibí, frábær erlend staða!

Erlend staða þjóðarbúsins batnaði, og batnaði, og batnaði svo ennþá meira, enda voru Íslendingar duglegir að greiða niður erlendar skuldir og fjárfesta í auknum mæli erlendis





Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

Hver voru jákvæðustu tíðindi ársins?



Margrét Sveinsdóttir
Framkvæmdastjóri eignastýringarsviðs

Að ná þeim áfanga að skrá Arion banka á markað í tveimur kauphöllum.

Hjá viðskiptavinum bankans gæti ég nefnt jákvæðan árangur Alvotech. Þeir stefna hraðbyri á framleiðslu líftæknilyfja í Vatnsmýrinni. Ef áætlanir ganga eftir gæti þetta orðið einn af hornsteinum íslensks útflutnings á næsta áratug. Bankinn hefur stutt félagið í þessari vegferð frá upphafi.



Jónas Jónatansson
Forstöðumaður á fyrirtækjasviði



Svana Huld Linnet
Fyrirtækjaráðgjöf

Skráning Arion banka á Aðalmarkað Nasdaq Iceland eftir 10 ára fjarveru banka í íslenskri kauphöll. Skráningin heppnaðist mjög vel og margir nýir fjárfestar komu inn í hluthafahópinn.

Að það skyldi takast að selja Arion banka til breiðs hóps fjárfesta, þar á meðal erlendra aðila og að þeir aðilar skuli hafa trú á íslensku efnahagslífi. Með skráningunni náðist markmið sem stefnt hefur verið að lengi og ánægjulegt að það skyldi klárast með farsælum hætti.



Guðfinna Helgadóttir
Sérfræðingur í viðskiptaþróun



Sigurður Pétur Magnússon
Áhættustýring

Að hér skuli vera komin ríkisstjórn sem virðist ætla að ná að sitja heilt kjörtímabil - stjórn sem virðist þekkja styrkleika sína og veikleika. Vel heppnuð skráning Arion banka í kauphallir á Íslandi og í Svíþjóð voru einnig ánægjuleg tíðindi.

Hver voru jákvæðustu tíðindi ársins?

Minnkun bindiskyldu á erlenda fjárfestingu í skuldabréfum. Þótt það sé lítið skref er það skref í rétta átt, en það þarf að efla erlenda fjárfestingu hér á landi. Í því ljósi var einnig jákvætt að sjá þátttöku alþjóðlegra fjárfesta í hlutafjárútboði Arion banka. Vonandi nær ríkið að selja eignarhlut sinn í tveimur af þremur stærstu bönkum landsins á næstu árum. Svo má ekki gleyma tvöföldum sigri Breiðabliks í Pepsi deild kvenna.



Hrafn Steinarsson
Markaðsviðskipti



Þegar Arion banki fékk jafnlaunamerki velferðaráðuneytisins og var fyrstur íslenskra banka til að ná því. VEL GERT!! Fyrir mig persónulega, þegar ég fékk þá tilkynningu í janúar að ég væri á leið á Vetrarólympíuleikana í Suður-Kóreu.

Elsa Guðrún Jónsdóttir
Útibússtjóri
Fjallabyggðar

Ýmsar jákvæðar fréttir bárust af fjármögnun fyrirtækja og sölu fyrirtækja. Hæst ber salan á CCP til suður-kóresks fyrirtækis fyrir 425 milljónir dala. Hjá Stefni var sérlega ánægjulegt að ljúka árangursríku fjárfestingarverkefni í Festi með sameiningu félagsins við N1.



Flóki Halldórsson
Framkvæmdastjóri
Stefnis



Heilt yfir finnst mér góðu ári að ljúka. Ég er kannski aðeins hlutdrægur og mögulega örlítið sjálfhverfur fyrir hönd okkar í Arion banka en mér finnst sú staðreynd að lítill íslenskur banki sé ítrekað að vinna til alþjóðlegra verðlauna fyrir stafrænar lausnir þegar aðrir tilnefndir eru meðal stærstu og öflugustu banka í heimi. Bankinn hefur unnið til fjögurra alþjóðlegra verðlauna og þessi árangur er afurð frábærs samstarfs ólíkra deilda innan bankans og öflugs og skapandi starfsfólks.

Bernhard Þór Bernhardsson
Viðskiptabankasvið


Hugsanleg kaup Indigo á WOW air. Mér finnst einnig mjög jákvætt að olíuverð hafi lækkað í lok árs. Skráning Arion banka hf. í Kauphöllina á Íslandi og í Stokkhólmi. Svo má alls ekki gleyma Íslenska landsliðinu í fótbolta. Strákarnir voru flottir á HM og þjóðin má vera stolt af þeim. Mikil stemning var í kringum mótið sem þjappaði saman íslensku þjóðinni.



Pálína María Gunnlaugsdóttir
Lánaumsýsla

Rússíbanareið krónunnar

Á haustmánuðum var krónan nánast í frjálsu falli. Hún tók hins vegar talsvert við sér í desember.



Heimildir: Seðlabanki Íslands, Greiningardeild Arion banka

Ólgusjór í Krónuvötnum

Lífróður WOW air og skvettugangur á vinnumarkaði hristu upp í gjaldeyrismarkaðnum




Heimildir: Seðlabanki Íslands, Bloomberg, Greiningardeild Arion banka


Veiking, veiking, allsstaðar

Leita þarf aftur til ársins 2009 til þess að finna verra ár fyrir krónuna. Gröfin hér að neðan sýna þróun krónunnar gagnvart helstu viðskiptamyntum frá ársbyrjun hvers árs.


USD




EUR



GBP




NOK



Heimildir: Seðlabanki Íslands, Greiningardeild Arion banka. * Jákvæð formerki tákna styrkingu erlenda gjaldmiðilsins gagnvart krónu

Grýla vaknaði og greip til sinna ráða


Til að sporna gegn veikingu krónunnar greip Seðlabankinn þrisvar sinnum inn í gjaldeyrismarkaðinn á þessu ári og gleypti krónur



Heimildir: Seðlabanki Íslands, Greiningardeild Arion banka

Welcome to Iceland!


Veikingin var hinsvegar tímabær, enda verðlag á Íslandi með því hæsta sem sést á byggðu bóli



Heimildir: Eurostat, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Greiningardeild Arion banka. *Miðað við sama árstakt verðbólgu í desember 2018 og í nóvember og breytingu VNV á Íslandi

Peningastefnunefnd var með óvenju skýra skoðun á genginu

Bæði seðlabankastjóri og peningastefnunefnd töluðu í byrjun desember um að „vísbendingar eru um að gengislækkunin undanfarið hafi fært raungengið niður fyrir jafnvægisgildi sitt.“




Heimildir: Seðlabanki Íslands, Refinitiv, Greiningardeild Arion banka

Snjóhengjan brátt úr sögunni

Í desember kom fram frumvarp um losun aflandskrónueigna og breytingu á bindiskyldunni. Gjaldeyrisforði Seðlabankans er tæplega áttfalt stærri en öll fjárhæð aflandskróna og hefur seðlabankastjóri fullvissað markaðsaðila um að honum verði beitt til að koma í veg fyrir áhrif á gengi krónunnar.


- **Helstu atriði frumvarpsins eru:**
  - samþykkt þess frelsar innilokaðar aflandskrónur og markar þar með endalok aflandskrónuvandans svokallaða,
  - samþykkt þess felur í sér að binditími vegna fjárfestinga útlendinga heyrir sögunni til þó, bindiskylda verði áfram til staðar



Heimildir: Seðlabanki Íslands, Greiningardeild Arion banka

Snjóhengjan endanlega brædd

Þolinmóðir aflandskrónueigendur hafa frá árinu 2010 haft fjölmörg tækifæri til að kveðja landið. Hvað gera þeir nú?




Heimildir: Seðlabanki Íslands og Greiningardeild Arion banka

Gengi krónunnar: Skúli Mog. > Már Guð.


Bindiskyldan var lækkuð úr 40% niður í 20% í byrjun nóvember. Áhrifin? Engin.

Gengisvísitala krónunnar



Fjármagnsflæði vegna skráðra nýfjárfestinga

- ma.kr



Heimildir: Seðlabanki Íslands, Greiningardeild Arion banka




Árið á mörkuðum

Vaxandi verðbólga, pólemísk peningastefnunefnd, hrörlegur hlutabréfamarkaður og húrrandi hrávörur

Upp, upp, upp fyrir markmið


Eftir töluvert langa dvöl undir verðbólgumarkmiði Seðlabankans urðu kaflaskil í verðbólguþróuninni. Allir undirliðir eru farnir að ýta undir verðbólgu, en undanfarin ár hafa innfluttar vörur dregið úr verðbólguþrýstingi.



Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

Dýrt að lifa bisnesslífi... kaupa hús, bíl og íbúð


Enn og aftur má rekja stóran hluta verðbólgunnar til húsnæðisliðarins. Það er hinsvegar ódýrt að „snappa“ og hlaða inn hinni fullkomnu insta-mynd.



Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

Ólíkindatólið í verðbólguspám greiningaraðila – flugfargjöld til útlanda


Erfiðlega gekk að spá í upphafi árs en spár urðu nákvæmari þegar leið á árið



Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

Árið sem hrikti í stoðum kjölfestunnar


Verðbólguvæntingar hafa hækkað á alla mælikvarða, sem þýðir að taumhald peningastefnunnar hefur slaknað, peningastefnunefnd til mikillar armæðu



Heimildir: Seðlabanki Íslands, Greiningardeild Arion banka

Verðbólguálag á markaði hefur tosast upp á við…


Er nú komið töluvert yfir verðbólgumarkmið og á í haltu-mér-slepptu-mér sambandi við efri vikmörkin




Heimildir: Hagstofa Íslands, Kodiak Excel, Greiningardeild Arion banka

… og taumhald peningastefnunnar slaknað eins og belti um jólin

Raunvextir Seðlabankans hafa lækkað á alla mælikvarða. Í dag standa þeir undir einu prósenti, niðurstaða sem er þyrnir í augum ákveðinna meðlima peningastefnunefndar.






Heimildir: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka. * Úr nýjasta hefti Hagvísa.

Vaxtavendinum var sveiflað á stígandi verðbólguvæntingar

Á síðari helmingi ársins hefur hagkerfið átt áskriftarmiða að byssusýningu peningastefnunefndar



- *Peningastefnunefnd ítrekar að hún hefur bæði **vilja og þau tæki** sem þarf til að halda verðbólgu við markmið til lengri tíma litið. Haldi verðbólguvæntingar áfram að hækka og festist í sessi umfram markmið mun það kalla á **harðara taumhald peningastefnunnar**. Aðrar ákvarðanir, einkum á vinnumarkaði og í ríkisfjármálum, hafa þá áhrif á hversu mikill fórnarkostnaður verður í lægra atvinnustigi.*
- Heimildir:

29.08.2018
Yfirlýsing peningastefnunefndar 29. ágúst 2018

03.10.2018
Yfirlýsing peningastefnunefndar 3. október 2018

07.11.2018
Yfirlýsing peningastefnunefndar 7. nóvember 2018

12.12.2018
Yfirlýsing peningastefnunefndar 12. desember 2018

Heimildir: Seðlabanki Íslands

Það sem ungur nemur, gamall temur

Kæfum þessar verðbólguvæntingar strax í fæðingu! Seðlabankinn fræddi ungviðið um helstu forynju íslenskrar hagsögu, verðbólgudrauginn.



17.05.2018

Leikskólabörn í Vesturborg fræðast um verðbólgu og fjármál í Seðlabankanum



Nemendur í leikskólanum Vesturborg komu á dögunum ásamt kennurum sínum í heimsókn í Seðlabankann til að fræðast um seðla, mynt og aðra greiðslumiðla og hin ýmsu verkefni sem Seðlabankinn þarf að sinna á Íslandi. Jafnframt voru börnin frædd um mikilvægi þess að Seðlabankinn stuðli að stöðugu verðlagi svo að verðbólgudraugurinn komist ekki aftur á kreik. Þá var rætt um það hve mikilvægt það væri að fjármálafyrirtæki væru vel rekin og í góðu fjárhagslegu jafnvægi, landi og þjóð til heilla.


Meðfylgjandi mynd af börnunum og kennurum þeirra var tekin að lokinni heimsókn. Það er ekki ráð nema í tíma sé tekið við að kenna þeim sem erfa landið helstu tökin við efnahagsstjórnina.

Tillaga 10: Seðlabankinn skal stuðla að aukinni fræðslu um peningastefnuna og gildi verðbólgumarkmiðs með það að markmiði að auka skilning almennings á þeim möguleikum og takmörkunum sem eru til staðar og stuðla að aukinni sátt um stefnuna.

Heimildir: Seðlabanki Íslands, Greiningardeild Arion banka

Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisskuldabréfa m.v. 5 ár að lokagjalddaga hefur hækkað um 0,7 prósentustig...


...en krafa verðtryggðra lækkað um 0,8 prósentustig



Heimildir: Kodiak Excel, Greiningardeild Arion banka

Verðtryggð skuldabréf hafa gefið góða ávöxtun í ár og er það annað árið í röð sem verðtryggð yfirbjóða óverðtryggð bréf

Fall óverðtryggðra skuldabréfa hóf að ganga til baka mánaðamótin október/nóvember



Heimildir: Kodiak Excel, Greiningardeild Arion banka

Hver voru mestu vonbrigði ársins?



Margrét Sveinsdóttir
Framkvæmdastjóri eignastýringarsviðs

Að ávöxtun á íslenska hlutabréfamarkaðnum hafi verið slök þriðja árið í röð.

Myndi segja gjaldþrot Primera. Slæmt högg fyrir bankann. Erfitt og langdregið mál.



Jónas Jónatansson
Forstöðumaður á fyrirtækjasviði



Svana Huld Linnet
Fyrirtækjaráðgjöf

Að vextir hafi ekki lækkað.

Vandræði í rekstri íslenskra flugfélaga eru mestu vonbrigðin sem koma upp í hugann.



Guðfinna Helgadóttir
Sérfræðingur í viðskiptaþróun



Sigurður Pétur Magnússon
Áhættustýring

Hér má nefna framkomu nokkurra kjörinna fulltrúa í garð samstarfsfélaga og minnihlutahópa sem og óráðsíuna og framúrkeyrsluvandann í kringum opinberar framkvæmdir. Aukin spenna á milli heimsvelda voru einnig mikil vonbrigði.

Hver voru mestu vonbrigði ársins?

Ládeyða á mörkuðum og samdráttur í veltu hvort sem litið er til skuldabréfa- eða hlutabréfamarkaðar. Það hefur líka alveg verið léttari andi yfir íslenskum stjórnmálum. Svo eru vonbrigði að hafa ekki lækkað í forgjöf í golfi.



Hrafn Steinarsson
Markaðsviðskipti



Klaustursmálið!!!

Elsa Guðrún Jónsdóttir
Útibússtjóri
Fjallabyggðar

Ávöxtun á helstu eignamörkuðum hefur valdið vonbrigðum, ef frá eru talin verðtryggð skuldabréf.



Flóki Halldórsson
Framkvæmdastjóri
Stefnis



Ég er ekkert sérstaklega fyrir að svekkja mig en veðrið í sumar var klárlega vonbrigði ársins.

Bernhard Þór Bernhardsson
Viðskiptabankasvið


Vonbrigði ársins var veðrið síðasta sumar! Lítið hægt að leika á fjallahjólinu og lítið hægt að þeysast um borgina á racer-num. Ég get líka ímyndað mér það að ferðmenn hafi ekki lofsungið Ísland eftir allar þessar lægðir á meðan dvöl þeirra stóð.



Pálína María Gunnlaugsdóttir
Lánaumsýsla

Þriðja árið í röð var ládeyða yfir íslenskum hlutabréfamarkaði


Þetta eru að verða full ílangir timburmenn eftir 2015 partýið á hlutabréfamarkaðnum, ef þú spyrð okkur



Heimildir: Bloomberg, Greiningardeild Arion banka

Þetta byrjaði samt ágætlega, en eftir því sem rigningardögunum fjölgaði seig vísitalan neðar…og neðar…


Seinni hluti ársins var líka litaður af því hvort WOW air ætlaði að vera…eða ekki vera…



Heimildir: Bloomberg, Greiningardeild Arion banka

Fleiri félög lækkuðu en hækkuðu á árinu

Hagar voru með gott comeback eftir þungt 2017. Sýn lækkaði mest, en vonandi var þetta bara einskiptis ár.



Heimildir: Bloomberg, Greiningardeild Arion banka. *Iceland Seafood og Kvika banki verða að líkindum skráð á aðallista í byrjun nýs árs

Hvað stóð upp úr lífi þínu á árinu sem er að líða?



Margrét Sveinsdóttir
Framkvæmdastjóri eignastýringarsviðs

Ógleymanleg ferð til Ísrael í júní stóð klárlega upp úr hjá mér á árinu. Einnig minnist ég skemmtilegra tímamóta hjá fjölskyldunni þegar yngsta dóttirin útskrifaðist sem stúdent frá Versló og við stórfjölskyldan héldum upp á 60 ára brúðkaupsafmæli foreldra minna norður í landi.

Almennt gott ár fyrir mig og mína. Sonur minn lauk mastersnámi í Sviss og vinnur þar, eldri dóttirin stúdentsprófi og á leið til Kaupmannahafnar í læknisfræðinám. Sjálfur útskrifaðist ég úr MFin námi í HÍ á árinu. Fjölskyldufríin eru því kærkomin samvera. Líklega stendur skíðaferðin til Ítalíu um jólin uppúr.



Jónas Jónatansson
Forstöðumaður á fyrirtækjasviði



Svana Huld Linnet
Fyrirtækjaráðgjöf

Kaup Regins á dótturfélögum Fast-1 fyrir tæpa 23 ma.kr. sem ég leiddi ásamt góðum félögum í fyrirtækjaráðgjöfinni. Verkefnið snerti marga fleti svo sem lánsfjármögnun, hlutafjáraukningu og stærstu skuldabréfaútgáfu á íslenskum markaði í langan tíma. Virkilega gaman að vinna með vönduðu fólki alls staðar við borðið.

Mér tókst loksins að læra skriðsund!! og fór að stunda sjósund, eitthvað sem ég hélt að ég myndi ALDREI gera. Minnisstæðast er að hafa synt í 5°C spegilsléttum sjónum í kolniðamyrkri að kvöldi til undir fullu tungli og stjörnubjörtum himni, það var mögnuð upplifun.



Guðfinna Helgadóttir
Sérfræðingur í viðskiptaþróun



Sigurður Pétur Magnússon
Áhættustýring

Eignaðist mitt fyrsta barn nú á haustmánuðum. Eitthvað sem setur hlutina í nýtt samhengi. Þyngdarkúrfan hefur því bæst við þær kúrfur sem spá þarf í.

Hvað stóð upp úr lífi þínu á árinu sem er að líða?

Ferðalög með fjölskyldu og vinum. Berlín er frábær borg og svo er ekki leiðinlegt að skreppa í golferð með félögum. Svo var þetta fyrsti skíðaveturinn með fjölskyldunni eftir óþarflega langa pásu.



Hrafn Steinarsson
Markaðsviðskipti



Ólympíuleikar í Suður-Kóreu var stór draumur sem loks rættist, nýtt starf sem útibússtjóri í Fjallabyggð og sólarlandaferð með fjölskyldunni.

Elsa Guðrún Jónsdóttir
Útibússtjóri
Fjallabyggðar

Ferðalög með fjölskyldunni. Heimsókn um páska til Ísrael og Jórdaníu stóð líklega upp úr. Flókin samfélög þar og mikil saga, maturinn frábær og fólkið sem við hittum var sérlega almennilegt.



Flóki Halldórsson
Framkvæmdastjóri
Stefnis



Fjölskyldan náði farsælli lendingu í höfuðborginni eftir flutninga úr Borgarnesi á síðasta ári og bílstjórum á heimilinu fjölgaði um einn án þess að nokkrum hafi orðið meint af enn sem komið er.

Bernhard Þór Bernhardsson
Viðskiptabankasvið


Það sem stóð uppúr á árinu var ferð til Dubai með fjölskyldunni. Ég hef ferðast mikið í gegnum tíðina en að koma þangað var rosaleg upplifun. Menningarmunurinn mikill og skrítið að geta farið á skíði í verslunarmiðstöðinni og svo beint á snjóbretti í eyðimörkinni. Ég tók líka þátt í fyrstu hjólakeppninni minni og fór 110 km. Hjólaði heim með gull! Ég hef aldrei gert neitt eins erfitt, en magnað var það.



Pálína María Gunnlaugsdóttir
Lánaumsýsla

Eftir gæfurík ár var 2018 árið sem stærstu hlutabréfamarkaðir heimsins gáfu eftir


Vísitölurnar náðu sínum hæstu gildum í byrjun október sl., en síðan þá hafa þær lækkað um 10-14%



Heimildir: Bloomberg, Greiningardeild Arion banka

Á heimsvísu var þetta vægast sagt mjög dapurt ár á hlutabréfamörkuðum


Einungis fjórar af 45 hlutabréfavísitölum sem við skoðuðum skiluðu jákvæðri ávöxtun á árinu.
Dapra íslenska hlutabréfaárið var svo bara með þeim skástu á heimsvísu! 🤷‍♂️



Heimildir: Bloomberg, Greiningardeild Arion banka

Í sögulegu samhengi hafa bandarísk hlutabréf sjaldan verið verðlögð jafn hátt


Eftir miklar leiðréttingar í desember hefur hlutfallið lækkað umtalsvert frá hátindi sínum í ár



Heimildir: Refnitiv
*CAPE (Cyclically adjusted Price-to-Earnings) hlutfall er reiknað með því að deila samanlögðu markaðsverðmæti hlutabréfa í S&P500 með verðlagsleiðréttum meðalhagnaði undanfarin 10 ára.

Muniði eftir Bitcoin bólunni? Já, hún sprakk semsagt á þessu ári


Gamli skólinn hefur alltaf rétt fyrir sér



Heimildir: Bloomberg, Greiningardeild Arion banka

Olían hækkaði mikið, en lækkaði svo ennþá meira


Á fyrstu níu mánuðum ársins hækkaði heimsmarkaðsverð á Brent hráolíu um rúm 50% en þurrkaði svo út alla hækkun og gott betur á síðustu þremur mánuðum ársins



Heimildir: Bloomberg, Greiningardeild Arion banka

Fleiri hrávörur lækkuðu á árinu


Gott ár fyrir latte lepjandi miðbæjar…fólkið



Heimildir: Bloomberg, Greiningardeild Arion banka

Efnahagsreikningur bandaríska seðlabankans tók að minnka

Það, ásamt væntingum um frekari eignasölu bankans á næsta ári, er talið hafa ýtt undir lækkun eignaverðs vestanhafs.




Heimildir: Refinitiv, Greiningardeild Arion banka


Vaxtarferilinn í Bandaríkjunum hefur verið að daðra við að ranghvolfast

Niðurhallandi vaxtaferlar hafa í Bandaríkjunum löngum verið taldir geta spáð fyrir um samdráttarskeið í efnahagslífinu og hafa gert það í sjö síðustu samdráttarskeiðum þarlendis*

Ávöxtunarkrafa 10 ára ríkisskuldabréfa




Halli bandaríska vaxtaferilsins
- 10 ára krafa að frádreginni 2 ára kröfu



Heimildir: Refinitiv, Greiningardeild Arion banka *samkvæmt Seðlabanka Cleveland (Cleveland Federal Reserve).

Magnbundna íhlutun (QE) evrópska Seðlabankans leið undir lok

Eða svona hér um bil. Seðlabankinn mun hætta nýfjárfestingu 2019 en halda áfram að endurfjárfesta vaxtagreiðslum og afborgunum.



Heimildir: Refinitiv, Greiningardeild Arion banka



Útgáfur Greiningardeildar á árinu

(Mis)merkilegir Markaðspunktar og skoðunarverðar skýrslur

Spárnar okkar voru jafn misjafnar og þær voru margar

Allar spár eru rangar, en sumar eru gagnlegar. Sjá Óskarsspána og fótboltaspána.


Þrjú skilti og Óskar

02.03.2018

Kvikmynd	Líkan Bernard	Líkan Greiningar-deildar
Three Billboards Outside Ebbing, Missouri	25,4%	52,9%
The Shape of Water	43,3%	31,5%
Dunkirk	7,0%	4,7%
Darkest Hour	5,6%	3,5%
Phantom Thread	3,2%	2,2%
Call Me by Your Name	7,4%	2,1%
Lady Bird	6,5%	2,0%
Get Out	1,3%	0,7%
The Post	0,4%	0,3%


Spáum Íslandi áfram í 16-liða úrslit


15.06.2018




Við spáðum gengisveikingu… en ekki svona mikilli

Við höfum lengi verið þeirrar skoðunar að gengi krónunnar væri of sterkt. Sjá hagspá og Markaðspunkt.









Við þurftum að tala um raungengið… oft… helst í hverri skýrslu

Dollarinn mun líklega aldrei kosta 60 krónur aftur. Hvers vegna? Spurðu raungengið. Hagkerfið ræður við sterkara raungengi en áður, en allt hefur sín takmörk.



Framleiðsluspennan var okkur og Seðlabankanum hugleikin


Orð ársins í viðskiptalífinu? Ekki? Sjá Markaðspunkt.




Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

Við býsnuðumst yfir fasteignagjöldum og bindiskyldu


Veist þú hvers vegna leigan er að hækka? Life finds a way þegar allir eru í vegg og enginn í sókn. Við báðum Má Guðmundsson vinsamlegast um að rífa niður vegginn – og hann greip tækifærið (næstum því)!






Nýbyggingar eru vissulega dýrar, eins og við fjölluðum um


Þær drífa áfram verðhækkanir og eru líklega of dýrar fyrir flesta fyrstu kaupendur, en þýðir það að þær séu slæmar?







Nýjar vísitölur og aðlögunarhæfni vinnumarkaðar vöktu athygli okkar

Vísitala heildarlauna var búbót í greiningarkistuna, á meðan aðlögunarhæfni vinnumarkaðarins veitti okkur hugarró







Við bárum hagspár og aðrar reglubundnar skýrslur á borð



Húsnæðismarkaðurinn í janúar: Frá hæli til heilsu



Hagspá í apríl: Varúð, brothætt!



Uppfærð hagspá í júlí: Sumri tekið að halla



Ferðamannalandið Ísland í september: Mjúk- eða magalending?



Hagspá í október: Sett í lága drifið

Svo gerðum við ekki eina…ekki tvær…heldur ÞRJÁR sjávarútvegsskýrslur á árinu

Ekkert slor







Krónan og sjávarútvegurinn

Fjárfesting í sjávarútvegi

Saman á ný

Hverjar eru væntingar þínar til ársins 2019?



Margrét Sveinsdóttir
Framkvæmdastjóri eignastýringarsviðs

Ég er bjartsýn fyrir árið 2019 þrátt fyrir ýmsar áskoranir sem bíða okkar á nýju ári s.s. kjaraviðræður og niðurstöðu um framtíðarskipan í flugrekstri og ferðaþjónustu. Ég tel að við eigum að geta borið gæfu til að vinna úr þessum áskorunum og halda áfram góðu gengi í hagkerfinu þó við sjáum kannski fram á minni hagvöxt en á undanförnum árum.



Jónas Jónatansson
Forstöðumaður á fyrirtækjasviði

Vonast til að við náum jafnvægi og sátt í samfélaginu. Það er í grunninn gott að búa á Íslandi þó ýmislegt megi laga. Gleymum því ekki.



Svana Huld Linnet
Fyrirtækjaráðgjöf

Að íslenskt viðskiptalíf blómstri og að sátt náist á vinnumarkaði.



Guðfinna Helgadóttir
Sérfræðingur í viðskiptaþróun

Að það takist að lenda kjaraviðræðum með skynsamlegum hætti, efnahagsumhverfið nái góðu jafnvægi og Íslendingar verði almennt ánægðir með gæði lands og lífs.



Sigurður Pétur Magnússon
Áhættustýring

Nú vonast maður eftir mjúkri lendingu í efnahagsmálum og bættri menningu í samskiptum manna á milli.

Hverjar eru væntingar þínar til ársins 2019?

Þetta verður viðburðaríkt ár. Væntanlega hægir á hagvexti og á sama tíma þarf að ná niðurstöðu í kjarasamningum og hætta er á verðbólguskoti ef launahækkanir verða óhóflegar. Þá þýðir ekkert annað en að vera bjartsýnn. Vonandi næ ég að lækka í forgjöf og finn tíma til að hendast á skíði með fjölskyldunni.



Hrafn Steinarsson
Markaðsviðskipti



Að Arion banki haldi áfram að skara fram úr sem samfélagslega ábyrgt fyrirtæki og haldi áfram forystunni í stafrænum lausnum. Ég ætla muna að njóta og eiga góðar stundir með mínum nánustu. Síðast en ekki síst að vinna áfram á frábærum vinnustað í með með frábæru starfsfólki.

Elsa Guðrún Jónsdóttir
Útibússtjóri
Fjallabyggðar

Ég er vongóður um að helstu óvissuþættir síðustu mánaða, þ.e. kjaraviðræður og framboð á flugi til landsins, muni leysast á jákvæðari hátt en margir hafa talið. Það lítur út fyrir aflandskrónur verði innan skamms ekki til sem fyrirbæri og vonandi verður innflæðishöftum í framhaldi aflétt. Gangi þetta eftir eru allar líkur á að næsta ár geti orðið farsælla á mörkuðum en árið sem er að líða.



Flóki Halldórsson
Framkvæmdastjóri
Stefnis



Eru ekki allir til í mjúka lendingu í efnahagslífinu í kjölfar langs hagvaxtartímabils? Ef flugfélögin ná traustri lendingu og það nást góðir kjarasamningar þá yrðu það stór skref í rétta átt. Það er kannski að biðja um of mikið en það væri líka gott að fá soldið meira af krónum inn á markaðinn.

Bernhard Þór Bernhardsson
Viðskiptabankasvið


Ég held að árið 2019 verði mjög krefjandi. Mikill hagvöxtur hefur einkennt síðustu ár og hafa greiningaraðilar gefið til kynna að það mun hægja verulega á honum á næsta ári. Ég held að miklar áskoranir séu framundan fyrir íslensk fyrirtæki í rekstri og verður áhugavert að fylgjast með hvernig stjórnendur takast á við þau verkefni.



Pálína María Gunnlaugsdóttir
Lánaumsýsla

Útgáfa Greiningardeildar

Í hverjum mánuði gefum við út fjöldann allan af greiningum. Þær geta verið allt frá því að vera viðbrögð við nýútgefnum hagtölum eða tíðindum af hlutabréfamarkaði upp í skýrslur, Markaðspunkta og virðismöt á skráðu félögin



Greiningardeild óskar þér og þínum gleði og farsældar á komandi ári



Fyrirvari

- Kynning þessi er eingöngu ætluð til upplýsinga og er ekki ætluð sem grundvöllur fyrir ákvörðunum móttakanda. Upplýsingar sem fram koma í þessari kynningu fela ekki í sér loforð eða spá um framtíðina. Bankanum ber ekki skylda til að útvega móttakanda aðgang að frekari upplýsingum en þeim sem fram koma í kynningu þessari, eða til að uppfæra þær upplýsingar sem þar koma fram. Bankanum ber ekki skylda til að leiðrétta upplýsingar, reynist þær rangar.
- Upplýsingar um bankann, dótturfélög og hlutdeildarfélög hafa ekki verið staðfestar. Kynning þessi felur ekki í sér tæmandi upplýsingar um bankann, dótturfélög eða hlutdeildarfélög hans.
- Upplýsingar sem fram koma í kynningu þessari eru byggðar á fyrirliggjandi upplýsingum, áætlunum um væntanlega þróun ytri skilyrða o.fl. Eru upplýsingarnar háðar ýmsum óvissuþáttum og geta þær breyst án fyrirvara.
- Bankinn, þ.m.t. hluthafar, stjórnendur, starfsmenn og ráðgjafar þeirra, taka enga ábyrgð á þeim upplýsingum, forsendum og niðurstöðum sem fram koma í kynningunni eða upplýsingum sem eru veittar í tengslum við hana. Munu framangreindir aðilar ekki gefa yfirlýsingar um að upplýsingarnar, forsendurnar og niðurstöðurnar séu nákvæmar, áreiðanlegar eða fullnægjandi og þeir skulu ekki bera skaðabótaábyrgð á tjóni sem rekja má til þess að þær reynist ónákvæmar, óáreiðanlegar eða ófullnægjandi.
- Móttaka þessarar kynningar skal ekki talin fela í sér fjárfestingarráðgjöf af hálfu bankans.
- Með móttöku þessarar kynningar fellst móttakandi á framangreindan ábyrgðarfyrirvara.